

tryggi kosning þeirra í ráðið að öll megin svæði jarðarinnar eigi sína fulltrúa þar.

Í stað núgildandi texta 20. gr. (endurtölusest sem 19. gr. skv. breytingunum frá 1977) komi eftirfarandi:

(a) Ráðið kýs sér formann og setur sér eigin starfsreglur nema annað sé ákveðið í samþykktinni.

(b) Fundir ráðsins eru lögmætir þá tuttugu og einn fulltrúi er mættur.

(c) Ráðið heldur fundi með eins mánaðar fyrirvara eins oft og þörf krefur til að það anní skyldustörfum sínum, eftir fundarboði formanns eða ef a. m. k. fjórir fulltrúar óska þess. Fundir séu haldnir þar sem henta má.

Í stað núgildandi texta 51. gr. (endurtölusest sem 66. gr. skv. breytingunum frá 1977) komi eftirfarandi:

Texta breytinga sem lagt er til að gerðar verði á samþykktinni skal framkvæmdastjórinn senda aðilum a. m. k. sex mánuðum áður en þingið tekur þær til athugunar. Breytingar skulu samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða þingsins. Tólf mánuðum eftir að $\frac{2}{3}$ hlutar aðila stofnunarinnar, að undanskildum aukafélögum, hafa samþykkt breytingu gengur hún í gildi fyrir alla aðila. Ef einhver aðili tilkynnir innan fyrstu 60 daga þessa tólfmánaðatímabils úrsögn sína úr stofnuninni sökum breytingarinnar, þá tekur úrsögn hans gildi, þrátt fyrir ákvæði 58. gr. samþykktarinnar, þann dag er breytingin tekur gildi.

tion to the Council will ensure the representation of all major geographic areas of the world.

The existing text of Article 20 (renumbered as Article 19 under the 1977 amendments) is replaced by the following:

(a) The Council shall elect its Chairman and adopt its own Rules of Procedure except as otherwise provided in the Convention.

(b) Twenty-one Members of the Council shall constitute a quorum.

(c) The Council shall meet upon one month's notice as often as may be necessary for the efficient discharge of its duties upon the summons of its Chairman or upon request by not less than four of its Members. It shall meet at such places as may be convenient.

The existing text of Article 51 (renumbered as Article 66 under the 1977 amendments) is replaced by the following:

Texts of proposed amendments to the Convention shall be communicated by the Secretary-General to Members at least six months in advance of their consideration by the Assembly. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority vote of the Assembly. Twelve months after its acceptance by two thirds of the Members of the Organization, other than Associate Members, each amendment shall come into force for all Members. If within the first 60 days of this period of twelve months a Member gives notification of withdrawal from the Organization on account of an amendment the withdrawal shall, notwithstanding the provisions of Article 58 of the Convention, take effect on the date on which such amendment comes into force.

AUGLÝSING

um samning við Spán um forrættindi og friðhelgi fulltrúa á Madrid-fundi um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Með orðsendingaskiptum dagsettum 17. ágúst 1980 var gengið frá samningi milli Íslands og Spánar um að fulltrúar á Madrid-fundi þátttökuríkja ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu skuli njóta þeirra forrættinda og friðhelgi sem gert er ráð fyrir í samningi um sérstakar sendinefndir sem samþykktur var 8. desember 1969 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og lagður fram til undirritunar 16. desember 1969.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.